

ingu beðnir um að bjóða sýslumanninum í Norðurmúlasýslu að krefjast lestagjalds þess, sem þannig hefði átt að vera galdið.

1865.
11. okt.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.

11. okt.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að taka megi sáttaböði því, sem Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, er nú á jörðina Þingeyra, hefir boðið í skjali því, sem hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dags. 30. aprílmán. þ. á.; býðst hann til að afsala sér öllum kröfum til laxveiðinnar í Ytrilaxá, með því móti að hann megi halda allri fjörunni frá Hjaltabakka fjöru vestur að Hópsós, án þess að ríkissjóðurinn gjöri tilkall til hennar, að undanteknu rekaítaki, er Undirfells kirkja á.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, sem Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.

12. okt.

Í bréfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 gjörði dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, grein fyrir, hversu mikið þá var búið að borga uppí lán það, 10,483 rdl. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjárukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Voruð þér um leið beðnir um að gjöra þær ráðstafanir, er þörf væri á, til þess að það sem eptir stóð af láninu, en það voru 1772 rdl. 38 sk. í

1865.
12. okt.

Húnavatnssýslu og 3750 rdl. í Skagafjarðarsýslu, eða alls 5522 rdl. 38 sk., væri borgað inní ríkissjóðinn fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og sjá um að það brigðist ekki.

Uppá þetta hafið þér ekki svarað fyr en 14. febrúarmán. þ. á., og hafið þér þá skýrt stjórnarráðinu frá, að Briem sýslumaður hafi tilkynnt amtinu, að hann væri búinn að borga 1316 rdl. uppí skuld þessa, sumt með ávisunarbréfum og sumt í peningum, og lofað að senda jarðabókarsjóðnum með póstinum í febrúarmánuði það sem hann kynni að geta heimtað saman, en að þér apturámóti ekki hafið fengið neina skýrslu frá Kristjáni Kristjánssyni kammerráði um, hvað hann hafi borgað uppí lánið.

Stjórnarráðið hefir nú látið semja reikning um skuldina, og hefir þá reynzt, að borgað hefir verið uppí þær eptirstöðvar, sem að ofan eru nefndar, það sem nú skal greina:

Úr Húnavatnssýslu:

a. fjárhagsárið 1864-65:

í jarðabókarsjóðinn . 134 rd.

í aðalféhirzlu ríkisins 100 —

————— 234 rd. „sk.

b. fjárhagsárið 1865-66:

í aðalféhirzlu ríkisins 127 — 8 -

————— 361 rd. 8 sk.

Úr Skagafjarðarsýslu:

a. fjárhagsárið 1863-64:

í jarðabókarsjóðinn 150 rd. „sk.

b. fjárhagsárið 1864-65:

í jarðabókarsjóðinn 660 — „ -

c. fjárhagsárið 1865-66:

í aðalféhirzlu ríkisins 426 — „ -

————— 1236 — „ -

Það eru því enn óborgaðir úr Húnavatnssýslu 1411 rdl. 30 sk. og úr Skagafjarðarsýslu 2514 rdl., eða alls 3925 rdl. 30 sk., þrátt fyrir það, að búið átti að vera að borga allt lánið fyrir lok fjárhagsársins 1862—63.

Með því að það nú ekki tjáir með neinu móti, að láta skuld þessa, sem rannsóknarmenn ríkisreikninganna hvað eptir

annað hafa krafizt við stjórnarráðið að borguð væri, standa lengur óborgaða, og með því að stjórnarráðið ekki getur álitit vera ástæðu til, eptir sem því er kunnugt um ástandið í þessum tveim sýslum og efnahag þar, að fara þess á leit við ríkisþingið, að veittur sé enn þá einusinni frestur með borgun skuldarinnar, enda mundi það ekki vera til neins, þá hljótum vér að skora á yður, herra amtmaður, að leggja ríkt á við sýslumenn þá, sem hlut eiga að máli, að annast um, að skuldir þær, sem að ofan eru nefndar, verði borgaðar án frekari tafar og í síðasta lagi fyrir lok fjárhagsársins, sem nú er að líða. Ef svo skyldi fara, að það yrði nokkrum þeim erfðleikum bundið að koma þessu fram, sem þér ekki treystið yður til að yfirbuga, eruð þér beðnir að gefa stjórnarráðinu vísbendingu um það, áður en fyrnefndur frestur er lidinn, og eins um það, hvað áskilið var um borgun lánsins þegar það var greitt af höndum, svo að þá verði gjörðar ráðstafanir þær, sem þörf er á til þess að skuldaskipti þessi verði á enda kljád; en hvernig sem fer, búumst vér við skýrslu frá yður um, hvað þér gjörði í þessu efni.

1865.
12. okt.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu og Kjósarsýslu hafði verið veitt.

12. okt.

Í bréfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 var stiptamtið beðið að sjá um, að þeir 800 ríkisdalir, sem búið átti að vera að borga fyrir lok fjárhagsársins 1864—65 uppi 1000 ríkisdala lán, er veitt var rentulaust í fjárukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60, vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu, væru borgaðir fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og að það brigðist ekki. Síðan skýrði stiptamtið frá í bréfi dagsettu 10. septembermán. f. á., að sýslumönnum þeim, sem hlut eiga að máli, hafi verið skrifað, að bjóða hlutadeigandi sveitarstjórum að borga þá fjóra fimtunga, sem komnir voru í